

Áveitan

3. tbl. 9. árgangur. Mars 2015

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum

Héraðsleikar HSK í frjálsum fyrir keppendur 10 ára og yngri verða haldnir í íþróttahúsinu á Hvolsvelli laugardaginn 7. mars nk. og hefst keppni kl. 10:00 á þrautabraut (8 ára og yngri) og kl. 11:00 í hefðbundnum greinum (9-10 ára). Áætluð mótslok eru kl. 13:00. Á mótinu fá allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna. Keppt verður í eftirfarandi flokkum og greinum:

10 ára piltar og stúlkur: 30m hlaup, hástökk með atrennu, langstökk án atrennu, kúluvarp, boðhlaup.

9 ára piltar og stúlkur: 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast, boðhlaup.

8 ára og yngri piltar og stúlkur: Þrautabraut (Krackkafrjálsar) 8 stöðvar þar sem krakkar úr hverju félagi fyrir sig keppa sem lið við úrvinnslu ýmissa þrauta.

Skráningar skal senda á Guðmundu í netfangið gudmunda89@gmail.com eða á Árna Geir Þjálfara fyrir kl 24:00 fimmtudaginn 5. mars. Í skráningunni þarf að koma fram nafn barns, kennitala og þær greinar sem barnið ætlar að keppa í. Allir keppendur í liði Þjótanda eiga að vera í bol merktum félaginu á mótinu en nú þegar eiga flestir krakkar slíka boli. Þeir sem vantar bol geta pantað þá um leið og skráning fer fram og þá fær viðkomandi bolinn sinn afhentan á keppnisstað. Fjölmennum nú á þetta skemmtilega mót og munum að gott er að hafa með sér nesti ☺



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Nú þegar sól er tekin að hækka á lofti, þá er gott til þess að hugsa að það styttest óðum sá tími sem veður getur spillt færð og sett samgöngur og hefðbundna þjónustu úr skorðum. ☺

Á skrifstofu Flóahrepps hafa starfsmenn unnið af kappi við álagningu fasteignagjalda og henni er nú lokið. Álagningaseðlar hafa verið sendir út og kröfur vegna fyrsta gjalds dags verið stofnaðar í heimabönkum gjaldenda. Greiðsluseðlar eru ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað. Er þeim sem vilja fá þá senda, bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 á opnunartíma, milli klukkan 9:00 og 13:00 eða senda tölvupóst á netfangið floahreppur@floahreppur.is. Mikilvægu verkefni lokið, sem tryggir hluta af tekjum sveitarfélagsins sem standa þarf skil á þjónustu við íbúa sína.

Ársreikningur ársins 2014 er ennþá í vinnslu og markvisst er farið í gegnum bókhaldsgögn til þess að reikningurinn gefi sem réttasta mynd af rekstri og stöðu sveitarfélagsins. Þetta er alltaf mikilvægt verkefni en ekki síst nú, því að miklar breytingar urðu í starfsmannateymi sveitarfélagsins á árinu 2014. Nýir stjórnendur í sveitarstjórn, á skrifstofu, í Flóaskóla og Krakkaborg. Auk margra annarra nýrra starfsmanna í skólunum. Vissulega er hæfileg starfsmannavelta nauðsynleg til þess að endurnýja mannauðinn og fá inn nýja ferska strauma, en óvenjulegt að þær verði svo miklar á einu ári. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru sá rammi sem endurskoðendur sveitarfélagsins vinna eftir og er það mikill styrkur fyrir okkur að fá aðstoð þeirra við gagnrýnið utanumhald um vinnslu gagna og skipulag. Í viðbót við miklar breytingar á starfsmannahaldi þá einkenndist árið einnig af myndarlegum framkvæmdum bæði í þágu umhverfis- og ferðamanna við Urriðafoss, endur- og nýbyggingu við leikskólann Krakkaborg og framkvæmdum við nýtt loftræstikerfi í Flóaskóla.

Nýr sorphirðubæklingur er í vinnslu og verður hann sendur á öll heimili um

leið og hann er tilbúinn. Þar er farið yfir öll helstu atriði sem varða flokkun sorpsins og þær gerðir íláta sem standa íbúum og fyrirtækjum til boða. Það er aldrei of oft brýnt fyrir íbúum að vanda flokkun sorpsins og reyna að minnka eins og hægt er, það magn sem þarf að senda til urðunar. Það er bæði í þágu umhverfisins og líka vegna þess að hvert einasta kíló eykur kostnað sveitarfélagsins vegna þessa málaflökks. Um leið eykst kostnaður íbúanna, því við ákvörðun á sorhirdugjöldunum er eðlilegt að taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af sorphirðunni, árið á undan, til þess að málaflokkurinn standi undir sér.

Enn eru breytingar í stjórnendateymi sveitarfélagsins. Jóna Björg Jónsdóttir sem hefur stýrt leikskólanum Krakkaborg hefur nú lokið stöfum og fært sig til nággranna okkar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Eru henni færðar þakkir fyrir gott skipulag og utanumhald um skólastarfið og metnaðarfulla vinnu við undirbúning að ákvarðanatöku vegna vals á ýmsum búnaði í nýja leikskólann. Hallfríður Aðalsteinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, mun gegna starfi leikskólastjóra næstu tvo mánuði eða þangað til Sigríður Birna Birgisdóttir tekur við. Sigríður Birna er ennþá starfandi leikskólastjóri hjá nágrönnunum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en færir sig til okkar 1. maí næstkomandi. Hún hefur reynslu af stjórnun leikskóla, er með framhaldsmenntun í stjórnun og hefur meðferðis hin bestu meðmæli þeirra sem með henni hafa starfað. Við hlökkum til að fá hana til liðs við okkur og bjóðum hana velkomna í Flóann.

Með bestu kveðju, sveitarstjóri Flóahrepps.

Folaldasýning

Folaldasýning fyrir félagsmenn Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps sem vera átti sunnudaginn 22. feb. verður haldin 8.mars 2015 í reiðhöllinni á Þjórásarbakka kl.14.00. Þátttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald. Þær skráningar sem borist hafa halda sér.

Ef afskrá á folöld þá vinsamlegast senda tölvupóst atligeir@hive.is eða í síma hjá Atla Geir S:8982256 . Skráningafrestur rennur út kl. 22.00 6. mars 2015.

Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13.30.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld.

KVEÐJA , STJÓRNIN.

Fréttir frá Krakkaborg

Leikskólinn hefur nú verið starfandi í nýju og endurbættu húsnæði í rúman mánuð og líður okkur ljómandi vel hérna. Húsnæðið er að virka mjög vel, það er bjart og rúmgott og hljóðvistin mjög góð. Útisvæðið, sem við höfum saknað mjög síðustu mánuði, er alveg jafn skemmtilegt og það var í minningunni og bíður upp á endalaust úrval leikja og ævintýra.

Það gekk mikið á þegar verið var að flytja leikskólann úr Flóaskóla og í Þingborg. Þau voru ansi mörg handtökin, húsgögnin sem þurfti að flytja, hlutirnir sem þurfti að redda og allt átti að klárast á tveimur dögum. Tveir gallvaskir foreldrar, þeir Reynir Þór Jónsson og Sigmar Örn Aðalsteinnsson komu og hjálpuðu okkur mikið á meðan á flutningunum stóðu og þökkum við þeim kærlega fyrir þá góðu aðstoð. Starfsfólk leikskólans fær líka mikið lof fyrir dugnað og ósérhlífni á meðan á flutningum stóð.

Opnunarhátíð leikskólans var haldin föstudaginn 6. febrúar sl. en þá var opið hús í leikskólanum fyrir sveitunga og aðra velunnara leikskólans. Um 140 manns komu til okkar í heimsókn þennan dag og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna. Það var reglulega ánægjulegt að sjá hversu margir höfðu áhuga á að koma og skoða húsnæðið og kynna sér leikskólastarfið. Einnig viljum við færa Kvenfélagi Hraungerðishrepps þakkir fyrir gómsætar veitingar á opnunarhátíðinni.

Leikskólinn fékk margar góðar gjafir í tilefni flutninganna. JÁ-verk færði leikskólanum gjafabréf upp á 75.000 kr hjá heildversluninni Altis, Kolbrún og Aðalsteinn í Kolsholti gáfu leikskólanum leikfangavinnuvélar, Flóahreppur gaf okkur blómaskreytingu og starfsfólk Flóaskóla gaf okkur fallega stytta. Halla Aðalsteinsdóttir frá Kolsholti gaf leikskólanum blóm og skilti með einkunarorðum leikskólans, Anný, Guðbjörg Erla og Ottó Ingi í Vorsabæjarháleigu gáfu okkur 5 heklaðar kisar og Albert á Sandbakka færði leikskólanum forláta kassabíl að gjöf. Þökkum við kærlega fyrir þessar góðu gjafir og hlýhug í garð leikskólans.

Leikskólastarfið er komið á hefðbundið ról samkvæmt skóladagatali. Í marsmánuði verður margt um að vera hjá okkur, foreldrakönnun verður lögð fyrir, elstu börn Krakkaborgar heimsækja Flóaskóla, við förum að huga að páskum og fleira skemmtilegt. Nú er verið að flytja til okkar ofninn úr mótuneytinu í Þjórsárveri og hefst þá matseld í Krakkaborg um leið og því lýkur.

Jóna Björg Jónsdóttir leikskólastjóri lætur af störfum í Krakkaborg nú um mánaðarmótin. Þökkum við henni kærlega fyrir góð störf og óskum henni velfarnaðar í nýjum verkefnum. Sigríður Birna Birgisdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Krakkaborg og tekur hún til starfa 1. maí n.k. Í millitíðinni mun undirrituð sinna stöðu leikskólastjóra.

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Fréttir af sameiningarmálum

Fyrsti fundur nýskipaðrar nefndar sem vinnur að sameiningu ungmennafélaganna í Flóahreppi var haldinn miðvikudaginn 25. febrúar síðastliðinn. Auk formanna ungmennafélaganna í Flóahreppi sitja í þessari nefnd:

Ágúst Hjálmarsson, Langstöðum

Rannveig Árnadóttir, Hófgarði

Örvar Rafn Hlíðdal, Forsæti

Á fyrsta fundi voru eignamál ungmennafélaganna til umræðu og um þau sköpuðust góðar umræður. Hugur er í fólki og ljóst að skemmtilega vinna er framundan við undirbúning að stofnun nýs félags. Nefndin mun funda mánaðarlega fram á haust, með sumarfrí þó.

Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur félagsins verður haldin í Þingborg mánudaginn 16. mars næstkomandi kl 20:30. Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf, verðlaunaveitingar fyrir afurða hæsta bú félagsins og fyrir bestu 5.v ána.

Vonumst eftir góðri mætingu.

Aðalfundarboð

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn mánudaginn 9. mars 2015 kl. 20.30 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Dagskrá fundarins: venjuleg aðalfundarstörf. Kaffi og meðlæti í boði félagsins.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri, fimmtudagskvöldið 12. mars kl. 20.30.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur, inntaka nýrra félaga
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Skýrsla formanns s.l. starfsár
4. Reikningar lagðir fram
5. Umræður um reikninga
6. Skýrsla skemmtinefndar
7. Kosningar
8. Önnur mál

Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir á fundinn, til kynningar og/eða inngöngu.

Kaffikonur eru: Bryndís í Skálaríma, Hafdís í Súluholti, Sigrún Hrefna í Skyggnisholti, Kristín á Hurðarbaki, Christiane á Egilsstöðum.

Sjáumst kátar og hressar,
Sólveig Þórðardóttir formaður

Messuboð

Messa í Hraungerðiskirkju, **sunnudaginn 22. mars** kl. 14.00. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason, organisti Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn syngur.

ATH breyttan messutíma.

Páskadagur, 5. apríl.

Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 11.00 Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason, organisti Guðmundur Eiríksson, kirkjukórinn syngur.

Annar í páskum, 6. apríl.

Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 11.00. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík. Organisti Ingi Heiðmar Jónsson, kirkjukórinn syngur.

Við hlökkum til að sjá ykkur við guðsþjónusturnar.

F.h. sóknarnefndanna, Sólveig Þórðardóttir

Tilnefningar til íþróttamanns Flóahrepps

Æskulýðs-og tómstundanefnd Flóahrepps óskar eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins 2014.

Þeir sem tilnefndir eru þurfa að hafa lögheimili í Flóahreppi og hafa skarað fram úr í íþróttum á árinu 2014.

Ábendingar skulu berast fyrir 20. mars á netfangið/síma hofgerdi@ipostur.is eða í síma 696-1752 (Ranna)

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudagskvöldið 19. mars kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf og kaffiveitingar í boði félagsins. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Aðalfundur

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn mánudaginn 16. mars 2015 kl. 20.30 í Félagslundi.

Dagskrá fundarins: venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Ronja Ræningjadóttir í Þjórsárveri

Komið sæl.

Árshátíð 1.-7. bekkjar verður haldin föstudaginn 20. mars í Þjórsárveri og hefst sýningin kl. 14:00. Við ætlum að flytja fyrir ykkur Ronju Ræningjadóttur. Sjoppa verður opin og við vonumst til að sjá sem flesta á föstudaginn.

Kveðja 1.-7. bekkur Flóaskóla.

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður haldinn í Félagslundum miðvikudagskvöldið 18. mars og hefst kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf, m.a. eru reikningar kirkju og kirkjugarðs lagðir fram, kosningar.

Auk þess verður til umræðu á fundinum tillaga Biskupafundar um sameiningu Eyrarbakka prestakalls og Þorlákshafnar prestakalls. Einnig mun sóknarnefnd Gaulverjabækirkju bera upp þá tillögu á fundinum, að Gaulverjabæjarsókn verði færð undir Selfossprestakall.

Mikilvægt er að sem flest sóknarbörn komi á fundinn og taki þátt í umræðum um þessar tillögur og afgreiðslu þeirra.

Kaffi og meðlæti verður borið fram á fundinum.

Sóknarnefnd

Frá Villingaholtskirkju

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Villingaholtskirkju mánudaginn 9. mars kl. 20.00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs. Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir <http://www2.kirkjan.is/node/11364>):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir s.l. ár ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna.
4. Kosning skoðunarmanns reikninga sóknar og kirkjugarðs og varamanns til árs í senn.
5. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í valnefnd vegna ráðningar presta.
6. Önnur mál.

Núverandi ritari, Þórunn Kristjánsdóttir gefur kost á sér áfram, sem og núverandi gjaldkeri, Sólveig Þórðardóttir. Kjósa þarf 1 aðila í sóknarnefnd.

Þeir/þær sem hafa áhuga á að starfa í sóknarnefnd, valnefnd eða sem skoðunarmenn eru vinsamlega beðin að hafa samband við undirritaða sem er starfandi formaður fram að aðalsafnaðarfundum.

Við vonumst til að sjá þig á fundinum.

Sólveig Þórðardóttir

gjaldkeri og starfandi formaður Villingaholtssóknar

email: skufslaekur2@gmail.com s: 869 6534

Skákfréttir

Laugardaginn 7. febrúar sl. fór fram HSK mót 16 ára og yngri í skák á Hellu. Þjótandi átti fjóra keppendur á mótinu sem stóðu sig með prýði. Árangur þeirra var þessi:

10 ára og yngri

Sigurjón Reynisson	4 vinningar	3. sæti
--------------------	-------------	---------

Daði Kolviður Einarsson	4 vinningar	4. sæti
-------------------------	-------------	---------

11-13 ára

Dagur Fannar Einarsson	3 vinningar	5. sæti
------------------------	-------------	---------

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir	1 vinningur	10. sæti
--------------------------------	-------------	----------

Okkar krakkar eru í greinilegri framför í skákinni og gaman verður að fylgjast með hver þróunin verður áfram.

FRÁ KVENFÉLAGI HRAUNGERÐISHREPPS:

Kæru kvenfélagskonur, aðalfundur félagsins verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 12. mars kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Lagðar verða fram tillögur um lagabreytingar. Nýir félagar velkomnir.

Bryndís Snorradóttir sem gengt hefur starfi ritara undanfarin 6 ár hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi ritarastarfa.

Í kaffihóp eru: Betzy Marie Davíðson, Berglind Björk Guðnadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Helga Sigurðardóttir, Hilda Pálmadóttir og Matthildur Pálsdóttir.

Mætum hressar og kátar.
Með bestu kveðju stjórnin.

Fjör í Flóa 2015

Dagana 29. til 31. maí verður haldin í Flóahreppi sveitarhátíðin Fjör í Flóa. Dagskrá hátíðarinnar er í mótun á vettvangi rekstrarstjórnar félagsheimilanna. Þeir sem eru áhugasamir um að vera með viðburð, opið hús, sölubás, sýningar eða vilja koma á framferi hugmyndum að dagskrárliðum eru bednir um að setja sig í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar fyrir 15. mars í síma 691-7082.

Rekstrarstjórn

Frjálsíþróttafréttir

Meistaramót fulloröðinna fór fram í Kaplakrika helgina 7.-8. febrúar og þar keppti Kristinn Þór Kristinsson í 400m hlaupi. Hann hljóp á tímanum 50,17 sek og hafnaði í 4. sæti. Kristinn gerði síðan góða ferð til Noregs helgina 14.-15. febrúar þar sem hann keppti á Áskorendamóti Norðurlandanna í sinni aðal grein sem er 800 m hlaup. Hann náði þar 7. sætinu á tímanum 1:51,74mín sem er hans ársbesti árangur.

MÍ 15-22 ára var haldið 21.-22. febrúar í Laugardalshöll. Lið HSK/Selfoss gerði góða ferð á mótið og hafnaði í 7. sæti. Liðið gisti saman í Reykjavík á milli keppnisdaga, fóru saman í sund og út að borða en það skapaði góða stemmingu innan hópsins. Stefán Narfi Bjarnason keppti á mótinu og stóð tvisvar á verðlaunapalli. Hér er árangurinn hans.

Grein	Árangur	sæti
Þrístökk	10,58m	3. sæti
60m	8,48sek	16. sæti
Kúluvarp 4kg	11,61m	3. sæti
Langstökk	4,65m	8. sæti

MÍ 11-14 ára var haldið dagana 14.-15. janúar í Laugardalshöll og lið HSK/Selfoss vann yfirburðasigur á mótinu með 808 stig, nærri því helmingi fleiri stig en næsta lið á eftir. Mikil stemming var í herbúðum liðsins sem gisti í Reykjavík á milli keppnisdaga, fór í sund og út að borða. Mikill uppgangur er í frjálsum íþróttum í þessum aldursflokkum á HSK svæðinu og við hvetjum sem flesta til að prófa að æfa frjálsar íþróttir. Fjórir krakkar úr Flóahreppi kepptu á mótinu og hér er árangurinn þeirra:

Nafn	f.ár	Grein	árangur	sæti
Sæþór Atlason	'04	60m hlaup	10,17sek	14. sæti
		Langstökk	3,56m	7. sæti
		Kúluvarp (2kg)	7,48m	6. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	Langstökk	3,24m	26. sæti
		60m hlaup	10,55sek	27. sæti
		Hástökk	1,06m	21.-23. sæti
		Kúluvarp	5,61m	20. sæti
Dagur Fannar Einarsson	'02	60m hlaup	9,26sek	10. sæti
		800m hlaup	2:34,35mín	1. sæti
		Langstökk	4,10m	10 sæti
		60m grind	12,50sek	6. sæti
Ingibjörg H. Jóhannesd.	'02	60m hlaup	10,73m	45. sæti
		800m hlaup	3:10,33mín	10. sæti
		60m grind.	14,71sek	17. sæti
		Langstökk	3,31m	34. sæti

Auk þess kepptu krakkarnir í boðhlaupum.

Glimufréttir

Grunnskólámót HSK

Unnsteinn Reynisson var eini keppandi Flóaskóla á Grunnskólámóti HSK sem fór fram á Hvolsvelli 4. febrúar. Hann náði 5.-6. sæti í 6. bekk stráka og rétt missti af sæti í úrslitariðlunum.

Héraðsglíma HSK

Héraðsglíma HSK fór fram í Reykholti fimmtudaginn 26. febrúar. Þjótandi átti þar tvo keppendur og varð árangur þeirra eins og greinir að neðan. Þjótandi sigraði einnig stigakeppni karlaflokks mótsins með yfirburðum.

Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Stefán Geirsson 2 vinn.
2. Jón Gunnþór Þorsteinsson 1 vinn.

Unglingar 17-20 ára

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson 1,5+1 vinn.

Á döfinni hjá glímufólki

7. mars Lokamót mótaráðar GLÍ í Reykjavík
11. mars Aðalfundur glímuráðs HSK á Selfossi
11. apríl Íslandsglíman og grunnskólámót Íslands á Reyðarfirði

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Vegna þess hve basarinn okkar góði tókst vel í haust höfum við ákveðið að endurtaka leikinn í nóvember og hefur basarnefndin hittst tvisvar frá áramótum, komnar eru fram margar góðar hugmyndir að handverki og fönndri og ættu allar að geta gert eitthvað og lagt sitt að mörkum. Við stefnum að því að hittast hálfsmánaðarlega fram á vorið og eru þau kvöld auglýst í tölvupósti. Endilega komið á þau kvöld og verið með, einnig fögnum við öllu framlagi frá góðviljuðu fólki utan kvenfélagsins, málefnið sem styrkt er kemur okkur öllum við.

Sveitarstjórn hefur beðið kvenfélögin þrjú í Flóahreppi um að sauma margnota innkaupapoka sem gefnir verða svo inn á hvert heimili í Flóahreppi. Þetta er frábært framtak í átt til plastpokalausss Suðurlands og er fjáröflun fyrir kvenfélögin í leiðinni. Við ætlum að hittast laugardaginn 7. mars og byrja saumaskapinn, vonandi getið þið mætt sem flestar.

Ráðgert er að halda aðalfund kvenfélagsins fimmtudagskvöldið 26. mars. Nánar um það í fundarboði.

Með góðri kveðju, stjórnin.

Páskabingó

Hið árlega og sívinsæla páskabingó Umf. Vöku verður haldið í Þjórsárveri þriðjudagskvöldið 31. mars kl. 20:00. Mörg vegleg og gómsæt egg í vinning og sjoppa opin. Spjaldið kostar litlar 500 kr og allir eru velkomnir í fjörið.

Umf. Vaka

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri	5. mars
Héraðsleikar HSK	7. mars
Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshr.	8. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Gaulverjab.hr	9. mars
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	9. mars
Æfingar í Þingborg	10. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	12. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	12. mars
Glímuæfing eldri	12. mars
Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Gaulverjab.hr	16. mars
Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Hraungerðishr.	16. mars
Æfingar í Þingborg	17. mars
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar	18. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	19. mars
Glímuæfing eldri	19. mars
Ronja Ræningjadóttir í Þjórsárveri	20. mars
Messa í Hraungerðiskirkju	22. mars
Æfingar í Þingborg	24. mars
Glímuæfing eldri	26. mars
Páskabingó í Þjórsárveri	31. mars

Næsta Áveita

Næsta Áveita mun koma út miðvikudaginn 1. apríl. Allt efni þarf að hafa borist í síðasta lagi sunnudaginn 29. mars.

Ritstjórn



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160